

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2024  
UST202411-102/E.S.F.  
10.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn – Skriða ferðaþjónusta í Hornafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Framkvæmdarlýsing

Fyrirhugað er að byggja upp ferðamannaáðstöðu á jörðinni Skriðu skammt frá Höfn í Hornafirði. Áætlað er að byggja upp hótél með baðlóni (Skriða Hótél og Spa), vegahótél (Hótél Þveit) og allt að 90 smáhýsi. Einnig er gert ráð fyrir allt að 10 starfsmannaíbúðum þar sem heimild verður fyrir fastri búsetu. Heildarbyggingarmagn framkvæmdarinnar verður um 35.000 m<sup>2</sup> og heildarfjöldi gistirúma eru 1.260. Baðlónið rúmar allt að 700 manns og er áætlað að yfirborð baðlónsins verði allt að 1.200 m<sup>2</sup>.

### Áhrif á vatn

Í greinargerð framkvæmdaraðila er sett fram nafn og númer grunnvatnshlotsins Austfjarða (102-292-G) og þar kemur fram að magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins sé óþekkt. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Staðbundið álag er skráð á grunnvatnshlotinu vegna öskuhauga eða sorplosun.

Einnig kemur fram að framkvæmdasvæðið sé í nálægð við stöðuvatnið Þveit (103-1989-L). Vistfræðilegt ástand þess vatnshlots er talið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið. Þá bendir Umhverfisstofnun á að umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi.

Athugið að skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot geti orðið *nokkuð neikvæð*. Umhverfisstofnun bendir því á að gera þarf ítarlega grein fyrir þeim þáttum sem áætlað er að hafi neikvæð áhrif á vatnshlotin. Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki er leyfilegt að heimila framkvæmd sem veldur því að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að gera ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir

þau. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.<sup>1</sup> Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotin sem um ræðir, ástand þeirra og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðapætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin.<sup>2</sup> Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Einnig hvort umhverfismarkmið munu nást eða ekki. Hér þarf að hafa í huga bæði bein og óbein áhrif.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin náist ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotin.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

### Vatnstaka

Fram kemur í greinargerð að vatn verði sótt úr borholu á svæðinu og nýtt sem neysluvatn en einnig verði hluti þess hitaður með varmadælu áður en því verður veitt í baðlón. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili áformar að fá þar til bæra sérfræðinga til að kanna vatnsbúskap svæðisins og hvar sé best að staðsetja borholu og með hvaða hætti. Umhverfisstofnun telur það mjög jákvætt. Árleg vatnspörf er áætluð vera um 10 l/s en framkvæmdaraðili áætlar að mesta mögulega vatnspörf geti orðið í kringum 15 l/s.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð vatnstaka vegna ferðaþjónustunnar muni líklega valda niðurdrætti í næsta nágrenni borholu en í ljósi þess að ekki er um mikla vatnstöku að ræða eru áhrifin talin óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á að meta þarf áhrif vatnstökunnar á magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatns í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Stofnunin ítrekar einnig að ekki er heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmd ef umhverfismarkmið nást ekki.

### Fráveita

Fram kemur í greinargerðinni að allt skólp frá mannvirkjum verði hreinsað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 með áorðnum breytingum nr. 450/2009 og auk þess sem seyra frá hreinsivirkjum verði meðhöndluð í samræmi við reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999. Umhverfisstofnun telur að mikilvægt að hugað sé vel að fráveitumálum og að nokkuð ítarlega sé gert grein fyrir hvernig þeim verði háttað í greinargerðinni.

Í greinargerð kemur fram að enn eigi eftir að útfæra hvernig fráveitu frá lóninu verði hagað en að reiknað sé með að affall af lóni verði leitt til hreinsunar á staðnum. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skoða sem allra fyrst hvað gera á við svo mikið magn fráveituvatns frá

<sup>1</sup> [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

<sup>2</sup> Upplýsingar um gæðapætti má finna í [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

baðlóni og alls óvíst hvort hægt sé að veita því í yfirborðsvatn á svæðinu vegna mögulegra áhrifa á vatn og umhverfi. Stofnunin bendir á að skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp má til að mynda hámarks hitabreyting af völdum frárennslis ekki vera meiri en 2 °C.

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt sé að vakta áhrif fráveitu á grunnvatnshlotið og einnig möguleg áhrif á vatnið þveit. Auk þess að mikilvægt sé að vöktunaráætlun vatnsins verði útfærð í samráði við heilbrigðiseftirlit Austurlands til að tryggja að vöktunar sé gerð í samræmi við vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að endanleg stærð, staðsetning og útfærsla hreinsivirkja fráveitu og ofanvatns þarf að liggja fyrir áður en hægt er að meta umhverfisáhrif af starfsemi á vatn og eins og með áhrif vatnstökunnar þarf framkvæmdaraðili að meta áhrif fráveitu á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin sem verða fyrir áhrifum vegna fráveitu og hvort þau uppfylli þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau.

### Gróðurfar og vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru m.a. innan skipulagssvæðisins vistgerðir með mjög hátt og hátt verndargildi eins og votlendisvistgerðin starungsmýrarvist og graslendisvistgerðin grasengjavist. Þær eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Á einum stað í matsskyldufyrirspurninni kemur eftirfarandi fram: „*Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ eru votlendisvistgerðir innan framkvæmdarsvæðis. Eins og þekkt er geta verið skekkjur í kortlagningu NÍ. Framkvæmdaraðili tók út svæðið og við úttekt fundust engar votlendisvistgerðir.*“ Annars staðar stendur hins vegar: „*Framkvæmdin mun valda beinu raski á fuglalíf þar sem raska þarf votlendum.*“ Af þessu er óljóst hvort að framkvæmdin muni raska votlendisvistgerðum. Umhverfisstofnun bendir á að ef óvissa er varðandi vistgerðasamsetningu á framkvæmdasvæðinu er einnig hægt er að leita álits frá Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi kortlagningu vistgerða á framkvæmdasvæðinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með hátt verndargildi skv. alþjóðlegum samningum og framkvæmdirnar munu valda varanlegu raski á vistgerðum svæðisins þá eru áhrif framkvæmdanna á vistgerðir nokkuð neikvæð.

### Fuglalíf

Skipulagssvæðið liggur þétt upp að mikilvægu fuglasvæði, Hornafjörður-Kolgríma auk þess sem vistgerðir sem finnast innan skipulagssvæðisins eru oft gæddar ríkulegu fuglalífi. Algengt er að t.d. varpfuglategundirnar lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti þessar vistgerðir til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.<sup>3</sup>

Einnig segir í matsskyldufyrirspurninni: „*Framkvæmdin mun valda beinu raski á fuglalíf þar sem raska þarf votlendum*“ og nefnt að með mótvægisáðgerðum eins og endurheimt á votlendi og vöktun á fuglalífi verði áhrif á fuglalíf óveruleg.

Mótvægisáðgerðum í formi endurheimtar votlendis ætti að mati Umhverfisstofnunar að lýsa í vöktunaráætlun framkvæmdar, m.a. aðferðum og umfangi endurheimtar og hafa ætti samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu.

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Umhverfisstofnun leggur áherslu að framkvæmdir eigi að fara fram fyrir utan varptíma og telur mjög jákvætt sé að framkvæmdaraðili áfangaskipti uppbyggingu og að leitað verði álits náttúrufræðinga og líffræðinga milli áfanga til að takmarka áhrif á fuglalíf.

Umhverfisstofnun tekur undir að fuglalíf muni verða fyrir raski á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig má gera ráð fyrir því að búsvæði fugla skerðist við framkvæmdirnar svo Umhverfisstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði nokkuð neikvæð.

### **Ásýnd**

Dreifbýlisyfirbragð svæðisins sem í dag einkennist af bóndabýlum, túnum, vatni og fjöllum mun augljóslega breytast með uppbyggingu á 200 herbergja hóteli, baðlóni, 200 herbergja vegahóteli, 90 smáhýsum og 10 starfsmannaíbúðum. Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að ásýnd við hönnun mannvirkja og þess gætt að þau falli sem best að svipmóti landsins. Engu að síður eru áhrifin varanleg og telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd landsins séu nokkuð neikvæð.

### **Niðurstaða**

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

***sérfræðingur***

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

***teymisstjóri***